

Austurbrú ses

Ársreikningur 2016

Austurbrú ses
Tjarnarbraut 39e
700 Egilsstaðir

Kt. 640512-0160

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun stjórnar

Austurbrú sjálfseignarstofnun (ses) er stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Stofnfundur stofnunarinnar var þann 8. maí 2012 og tók Austurbrú ses., þann 1. júní 2012 yfir starfsemi, eignir og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags stjórnsýslu háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur stofnunarinnar 322 millj. kr. á árinu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 32 millj. kr á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 78 millj. kr. og eigið fé í árslok var neikvætt sem nam 34 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 111 millj. kr. og þar af nema skammtímaskuldir, sem gert er ráð fyrir að komi til greiðslu á árinu 2017, 89 millj. kr.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum stofnunarinnar og er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningnum.

Stofnfé Austurbrúar ses. er 1,6 millj. kr. og skiptist á þrjátíu og tvo stofnendur sem hver um sig lagði fram 50 þús. kr. stofnframlag.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Stjórn Austurbrúar ses. staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni og leggja til við aðalfunda að hann verði samþykktur.

Austurlandi, 28. apríl 2017

Stjórn:

Jón Björn Hákonarson
Sigrún Blöndal
Gauti Jóhannesson
Sæunn Stefánsdóttir
Sveinn Jónsson

Framkvæmdastjóri:

Jóna Árný Þórðardóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Austurbrúar ses.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Austurbrúar ses. fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð stofnuninni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi stofnunarinnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil víska en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- Metum við hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert stofnunina órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 28. apríl 2017

KPMG ehf.

Magnús Jónsson

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur:			
Framlög	4	155.003.983	144.406.823
Aðrar tekjur	4	166.799.344	170.550.694
		321.803.327	314.957.517
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	5	177.466.281	188.798.398
Annar rekstrarkostnaður		104.483.200	99.625.071
		281.949.481	288.423.469
Rekstrarniðurstaða án afskrifta og hreinna fjármagnsgjalda		39.853.846	26.534.048
Afskriftir	3,7	5.547.420	3.554.290
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		34.306.426	22.979.758
Hrein fjármagnsgjöld	6	(1.903.180)	(3.881.007)
Rekstrarniðurstaða ársins	10	32.403.246	19.098.751

Efnahagsreikningur

Eignir		Skýr.	2016	2015
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Skrifstofubúnaður			4.371.182	5.097.759
Bifreiðar			3.047.167	4.303.767
	3,7		<u>7.418.349</u>	<u>9.401.526</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í öðrum félögum og stofnframlög	8		340.000	340.000
			<u>340.000</u>	<u>340.000</u>
		Fastafjármunir	<u>7.758.349</u>	<u>9.741.526</u>
Veltufjármunir:				
Vörubirgðir	3e		0	356.305
Skammtímakröfur:				
Viðskiptakröfur	3f		31.181.802	27.673.219
Óinnheimtar tekjur vegna verkefna	3g		0	8.813.599
Fyrirfram innheimtur kostnaður			11.409	0
Handbært fé	3h		38.741.661	11.862.986
		Veltufjármunir	<u>69.934.872</u>	<u>48.706.109</u>
		Eignir samtals	<u>77.693.221</u>	<u>58.447.635</u>

31. desember 2016

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2016	2015
Eigið fé:			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Ójafnað eigið fé		(35.279.452)	(67.682.698)
	10	<u>(33.679.452)</u>	<u>(66.082.698)</u>
Skuldbindingar:			
Skuldbinding vegna Vaxtasamnings Austurlands		<u>5.403.095</u>	<u>7.103.095</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	11	<u>17.392.551</u>	<u>26.179.490</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		18.976.732	19.567.260
Ógreidd úthlutuð framlög		0	10.776.595
Næsta árs afborganir langtímaskulda	11	9.135.690	10.046.584
Fyrirframinnheimtar tekjur vegna verkefna		16.002.187	12.024.187
Aðrar skammtímaskuldir		44.462.418	38.833.122
		<u>88.577.027</u>	<u>91.247.748</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>111.372.673</u>	<u>124.530.333</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>77.693.221</u>	<u>58.447.635</u>

Sjóðstreymisýfirlit 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ársins	10	32.403.246	19.098.751
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	5.547.420	3.554.290
Verðbætur og gengismunur skulda		72.147	800.365
		<u>38.022.813</u>	<u>23.453.406</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Vörubirgðir, lækkun		356.305	1.168.246
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		5.293.607 (5.975.284)
Skammtímaskuldir, hækkun		(1.759.827)	(2.036.581)
		<u>3.890.085</u>	<u>(6.843.619)</u>
		Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	
		Handbært fé frá rekstri	
		<u>41.912.898</u>	<u>16.609.787</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	7	(3.564.243)	(194.699)
		<u>(3.564.243)</u>	<u>(194.699)</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Fjármögnunarhreyfingar:			
Tekin ný lán		0	30.000.000
Skuldir við lánastofnanir, breyting		0 (29.599.279)
Skuldbindingar vegna Vaxtasamnings, breyting		(1.700.000)	(10.625.000)
Afborganir langtímalána		(9.769.980)	(1.516.023)
		<u>(11.469.980)</u>	<u>(11.740.302)</u>
		Fjármögnunarhreyfingar	
Hækkun á handbæru fé		26.878.675	4.674.787
Handbært fé í upphafi árs		11.862.986	7.188.199
Handbært fé í árslok		<u>38.741.661</u>	<u>11.862.986</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um stofnunina

Austurbrú er sjálfseignarstofnun (ses) sem stofnuð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands.

Stofnunin starfar á grundvelli skipulagsskrár sem samþykkt var á stofnfundi þann 8. maí 2012 og ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningum.

a. Innlausn tekna

Tekjur af framlögum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við samninga stofnunarinnar við ríki, sveitarfélög og aðra aðila. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu á uppgjörstegi.

b. Færslu gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteign.....	25 ár
Bifreiðar.....	10 ár
Áhöld og tæki.....	4 ár

d. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði.

e. Vörubirgðir

Birgðir stofnunarinnar er vörubirgðir Markaðsstofu og eru færðar á kostnaðarverði eða endursöluverði, sé það lægra.

f. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 3,1 millj. kr. í ársreikningunum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum, sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum kröfum í árslok í efnahagsreikningi.

g. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í árslok.

h. Samningur um verkefni í vinnslu

Fyrirframminnheimtar tekjur vegna samningsbundinna verkefna námu 16,0 millj. kr. í árslok 2016 og er sú fjárhæð færðar meðal skammtímaskulda.

Skýringar frh.

4. Rekstrartekjur

Tekjur greinast þannig:

	2016	2015
Framlög		
Framlög frá Ríkissjóði Íslands til menntamála	84.700.000	84.000.000
Framlög frá Byggðastofnun	25.491.714	22.801.429
Framlög frá Ferðamálastofu	12.242.000	10.242.000
Framlög frá sveitarfélögum	32.570.269	27.363.394
	<u>155.003.983</u>	<u>144.406.823</u>
Aðrar tekjur		
Tekjur vegna háskóla og rannsóknnum	12.609.082	12.217.631
Tekjur vegna símenntunar	59.503.895	57.634.649
Tekjur vegna atvinnuþróunar og markaðsmálum	36.733.095	38.466.397
Tekjur vegna sóknaráætlunar og sjóða	25.911.953	38.730.389
Tekjur vegna umsýslu SSA	17.376.574	14.588.338
Aðrar tekjur	14.664.745	8.913.290
	<u>166.799.344</u>	<u>170.550.694</u>

5. Starfsmannamál

Laun, launatengd gjöld og fjöldi starfsmanna er sem hér segir:

	2016	2015
Laun	142.146.004	150.647.296
Tryggingagjald	11.435.772	12.193.664
Lífeyrissjóðsframlag	16.743.942	16.273.936
Önnur launatengd gjöld	3.683.673	3.643.856
Áfallið orlof, breyting	3.456.890	6.039.646
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>177.466.281</u>	<u>188.798.398</u>

Á árinu 2016 var meðalfjöldi starfsmanna 20,7 hjá stofnuninni í 19,7 stöðugildum. Þá námu laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra og stjórnar samtals 17,7 millj. kr. á árinu.

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2016	2015
Vaxtatekjur	937.367	455.447
Vaxtagjöld og verðbætur	(2.840.547)	(4.336.454)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	<u>(1.903.180)</u>	<u>(3.881.007)</u>

Skýringar frh.

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreiðar	Skrifstofu- búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2016	6.283.000	34.630.685	40.913.685
Keypt á árinu	0	3.564.243	3.564.243
Heildarverð 31.12.2016	6.283.000	38.194.928	44.477.928
Afskriftir 1.1.2016	1.979.233	29.532.926	31.512.159
Afskrifað og niðurlagt á árinu	1.256.600	4.290.820	5.547.420
Afskrifað samtals	3.235.833	33.823.746	37.059.579
Bókfært verð 31.12.2016	3.047.167	4.371.182	7.418.349
Afskriftahlutföll	10%	25-33%	

8. Eignarhlutir í öðrum félögum og stofnframlög

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Þekkingarsetur, stofnframlag	200.000	200.000
Gunnarsstofnun, stofnframlag	140.000	140.000
Starfsendurhæfing Austurlands	0	100.000
Niðurfærsla eignahluta	0	(100.000)
	340.000	340.000

9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla krafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	4.555.077
Niðurfærsla, breyting á árinu	(1.442.357)
Niðurfærsla í árslok	3.112.720

10. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Ójafnað eigið fé	Eigið fé Samtals
Eigið fé 1.1.2016	1.600.000	(67.682.698)	(66.082.698)
Rekstrarniðurstaða ársins		32.403.246	32.403.246
Eigið fé 31.12.2016	1.600.000	(35.279.452)	(33.679.452)

Skýringar frh.

11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

Verðtryggð lán með 5,0%vöxtum	2.445.715
Óverðtryggð lán með 7,53%-8,70% vöxtum	<u>24.082.526</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	26.528.241
Næsta árs afborganir	(9.135.690)
	<u>17.392.551</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2016.

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2017	9.135.690
Árið 2018	9.135.690
Árið 2019	7.912.833
Árið 2020	344.028
Langtímaskuldir þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>26.528.241</u>

12. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn stofnunarinnar auk æðstu stjórnenda eru skilgreindir sem tengdir aðilar stofnunarinnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.